



## Hreppsnefnd 15.01.2009

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 15. janúar 2009 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er skrifaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 18. des. sl.  
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 18. des. sl.  
Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar frá 12. janúar sl.  
Lögð fram fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar frá 12. janúar sl.  
Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar, "byggðakvóti, gerð úthlutunarreglna". Hann greindi frá útreiknireglum og meginhugsun í fyrirbyggjandi tillögu. Jafnframt fór hann yfir helstu lög og reglugerðir sem gildir um byggðakvóta 2007/2008.  
Lagði hann síðan til að tillaga atvinnumálanefndar yrði samþykkt.

Undir þessum lið óskaði oddviti Aðalbjörn Björnsson eftir að yfirgefa fundinn og að Ólafur Ármannsson tæki við fundarstjórn. Ólafur tók við fundarstjórn. Óskaði hann eftir að afgreiðslu fyrirbyggjandi tillögu yrði frestað. Í því sambandi gerði hann grein fyrir máli sínu, og lagði fram svofellda tillögu:

„Lagt er til að fyrirbyggjandi tillögu atvinnumálanefndar um breytingu á úthlutunarreglum byggðakvóta 2007/2008 verði frestað þar til á næsta fundi sveitarstjórnar. Í millitíðinni verði boðaður fundur með eigendum fiskibáta og fulltrúum atvinnumálanefndar og hreppsnefndar, þar sem leitast verður við að finna leið til að stofna fiskvinnslu á Vopnafirði með tilstyrk viðkomandi útgerðarmanna og annarra er að málum vildu koma. Þar með verði uppfyllt skilyrði um vinnsluskyldu skv. 6. grein reglugerðar um úthlutun byggðakvóta á skip.“

Nokkrar umræður urðu um þessi mál þar sem menn lýstu sjónarmiðum sínum. Voru allir nefndarmenn er tjáðu sig hlyntir því að samþykkja framkomna frestunartillögu Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs að nýju, lýsti sig sammála tillögunni og hvatti menn til góðra verka.

Tillagan síðan borin upp og samþykkt samhljóða með 6 atkvæðum.

Undir þessum lið fór fram umræða um kynningu þá er fram fór í félagsheimilinu í gær viðvíkjandi Drekasvæðið og mögulega olíuleit þar. Nefndarmenn sammála um að mikilvægt sé að sveitarfélögin haldi vöku sinni sem og fyrirtæki innan þeirra. Að öðruleyti listu fundarmenn ánægju með kynningu á Drekasvæðisskýrslunni.

Sveitarstjóri greindi frá stöðu mála varðandi ýmis verkefni sem unnið er að m.a. í tengslum við s. k. Norð-Austurnefnd, loðnuverkefni, þekkingarnetið og ferða- og menningarmál.  
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða að öðru leyti.

Aðalbjörn Björnsson mætti síðan aftur á fundinn og tók við fundarstjórn.

3. mál Deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði. -Athugasemdafrestur útrunnin. –Engar athugasemdir bárust.

Skipulagið var auglýst 21. nóvember 2008. Í auglýsingunni kom fram að frestur til að gera skriflegar athugasemdir og ábendingar var til 5. janúar 2009. Engar athugasemdir bárust. Nauðsynlegt var að kalla eftir umsögnum Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits og Siglingastofnunar. Umsagnir hafa ekki borist frá öllum aðilum. Á þeim grunni er endanlegri afgreiðslu skipulagsins í hreppsnefnd frestað þar til allar umsagnir liggja fyrir.

4. mál Bréf Skipulagsstofnunar dags. 22. des. sl., varðandi ákvörðun um matsskyldu. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 22. des. sl., þar sem tilkynnt er um um ákvörðun Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu á breytingu á efnistöku vegna 2. áfanga Norðausturvegar til Vopnafjarðar.

Erindinu vísað til skipulags- og bygginganefndar til upplýsinga.

5. mál Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 9. jan. sl. varðandi verkfallslista.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Í máli hans kom fram að kjarasamningar eru lausir á árinu nauðsynlegt er því að birta slíka lista. Greindi hann frá því hvaða aðilar það væru helst sem þarna um ræðir.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að taka saman lista vegna þessa. Hann verði síðan lagður fyrir næsta fund hreppsnefndar til kynningar.

6. mál. Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar dags. 30. des. sl., varðandi ákvörðun um matsskyldu, vegna byggingar fiskimjölsværksmiðu.

Lagt fram afrit af bréfi Skipulagsstofnunar frá 30 des. sl.

Samþykkt að vísa erindinu til skipulags- og bygginganefndar.

7. mál. Fjárveitingar á fjárlögum 2009. Yfirlit.

Lagt fram yfirlit yfir fjárveitingar á fjárlögum 2009 til nokkurra verkefna sem unnið er að hjá Vopnafjarðarhreppi. Gerði oddviti nánar grein fyrir málinu þar sem fram komu upphæðir sem fengust á fjárlögum. Vikið að rekstri Kaupvangs m. t. t. starfseminnar þar og þá einkum horft til Múlastofu þekkingarnets-og upplýsingamiðstöðvar.

8. mál. Vegamál

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi útboð á næsta áfanga Norðausturvegar. Fram fór nokkur umræða um málið þar sem nefndarmenn lýstu mikilvægi þess að framkvæmdir stöðvuðust ekki hvernig sem það verður tryggt. Eins og útboðsgögn höfðu verið gerð fyrir þennan áfanga þá var áætlað að bjóða út veg frá Pyttalækarbungu, niður í og út Vesturárdal að þéttbýli Vopnafjarðar. Ennfremur gerð svokallaðrar millidalaleiðar milli Vesturárdals og yfir í Hofsárdal. Vinna þarf að því af fullum krafti að áfangi þessi verði settur í útboð á næstunni.

9. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Bréf Samgönguráðuneytisins dags. 7. janúar sl. um úrskurð varðandi afslátt á fasteignaskatti.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:20